

Samantekt athugasemda vegna skipulagslýsingar

Arnarnesvegur - Deiliskipulag frá Fífuhammsvegi að Rjúpnavegi Mál nr. 717/2025

ásamt svörum sveitarfélagsins

26.09.2025

Kynningartími skipulagslýsingar var 29.05.2025 -18.06.2025

Hér eru teknar saman umsagnir/athugasemdir sem bárust við skipulagslýsinguna. Ef athugasemdin leiðir til umfjöllunar í tillögu þá er það auðkennt með undirstrikun í svörum sveitarfélagsins.

Á kynningartíma bárust umsagnir/ athugasemdir og ábendingar frá eftirfarandi aðilum:

1. Náttúruverndarstofnun
2. Veðurstofa Íslands
3. Veitur
4. Minjastofnun Íslands
5. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
6. Betri samgöngur
7. Náttúrufræðistofnun
8. Landsamband hjólréiðamanna
9. Vegagerðin – Höfuðborgarsvæði
10. Erlendur Smári Þorsteinsson

Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun, Veðurstofan og Minjastofnun gera ekki athugasemd. Engar minjar eru innan svæðisins.

NR.	AÐILAR	EFNISATRÍÐI	SVÖR SKIPULAGSNEFNDAR
SA	Samgöngur		
SA.1	Betri samgöngur	Betri samgöngur benda á að Borgarlínan Leið A mun aka eftir Arnarnesvegi með annarri bílaumferð. Til að tryggja skilvirkni og áreiðanleika í rekstri Borgarlínu þarf að tryggja greiðan og hindrunarlausan aðgang borgarlínuvagna um gatnamót og þá sérstaklega hringtorg, þannig að hvorki skapist óþægindi fyrir farþega né hafi þau neikvæð áhrif á samfelldni og áreiðanleika þjónustunnar.	Útfærsla gatnamóta gerir ráð fyrir að um borgarlínuvagnar geti farið um þau.
SA.2	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Hönnun á Arnarnesvegi skal uppfylla kröfur Veghönnunarreglna um slíka vegi.	Ábending móttækin.
SA.3	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Æskilegt er að fjarlægð milli tenginga séu málsettar á uppdrætti, bæði innan deiliskipulagssvæðis og að næstu gatnamótum utan skipulagsreits.	Verður ekki gert. Staðsetning tenginga er skv. aðliggjandi skipulagsáætlunum og á sama stað og þær eru í dag. Fjarlægðir má t.d. mæla á www.map.is/kopavogur
SA.4	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Vegagerðin fer fram á að fram komi á skipulagsuppdrætti, að öðrum verði heimilt að nýta tengingu að þjóðvegi komi til frekari uppbyggingar á svæðinu.	Allar tengingar að þjóðvegi eru hluti af gatnakerfi Kópavogs og svæðið er fullbyggt. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á tengingum við veginn.
SA.4	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Vegagerðin bendir á að lega stíga meðfram Arnarnesvegi og þveranir yfir veginn þurfi að hanna í nánú samstarfið við stofnunina og tryggja þarf öruggar og greiðar samgöngur fyrir virka ferðamáta samfara breytingum á Arnarnesvegi	Deiliskipulagið er unnið af Kópavogi í samvinnu við Vegagerðina. Öll gögn eru yfirfarin af Vegagerðinni áður en þau eru send út til kynningar. <u>Skýrt mun koma fram á uppdrætti hvar gert er ráð fyrir aðskilnaði umferðar gangandi og hjólandi með aðskildum stígum.</u> Stígar norðan og sunnan Arnarnesvegar hafa þegar verið lagðir. Ef farið verður í endurhönnun á þeim þá yrði hæðarlega þeirra til umfjöllunar. Hæðarmunur á þessu svæði er erfiður í útfærslu og þess vegna hefur þessi lausn verið valin þar sem stígurinn fer í 180° beygju þó það sé almennt ekki góð lausn.
	Landsamband hjólréiðamanna	LH bendir á að eðlilegt sé að huga að aðskilnaði umferðar gangandi og hjólandi með aðskildum stígum á þessum köflum og þá líka að uppfæra núverandi stíga miðað við hönnunarviðmið fyrir hjólréiðar.	
	Erlendur S. Þorsteinsson	Enginn hjólastígur er norðan Arnarnesvegar á þessum kafla. Norðan Arnarnesvegar er þokkalegur göngustígur (en enginn hjólastígur) en með þverunum yfir götur sem eru ekki í línu við stíginn að öðru leyti og þær þveranir eru hannaðar alfarið á forsendum bílstjóra. Á stígnum eru allskonar óþarfa hæðarbreytingar því hann fylgir ekki Arnarnesveginum í legu heldur öllu fremur byggðinni í Salahverfi. Sunnan Arnarnesvegarins er aðskildir göngu- og hjólastígar. Þeir þjást þó af sama hæðarbreytingavandamálinu að þeir fylgja ekki Arnarnesveginum í legu heldur fylgja golfvöllinum. Til móts við Salaskóla endar hjólastígurinn í mjög erfiðri 180° beygju í brekku, fer í svo í undirgöng og tengist loks við hjólastíg sem er vestan Fíuhvamsvegar og fer í áttina að Smáralind. Reyna þarf að laga þessi hæðarbreytingarvandamál og ankannalegar tengingar í þessari vinnu og auk þess skoða hvernig stígar munu tengjast núverandi og tilvonandi stígum.	

	Erlendur S. Þorsteinsson	Í heildarsamhengi hjólastíga þarna á svæðinu mætti teljast eðlilegra að hjólastígur meðfram Arnarnesvegi milli Reykjanesbrautar og Fífuhvamsvegar (sem er ekki hluti af þessari lýsingu) væri norðan Arnarnesvegarins Kópavogsmegin. Færi þá meðfram Glæðheimasvæðinu, fyrir ofan Akralind, og svo meðfram Kópavogskirkjugarði; allt Kópavogsmegin. Eðlilegra gæti því verið að framtíðarlega góðs samgönguhjólastígs væri þá líka norðan Arnarnesvegarins en í legu vegarins til að forðast óþarfa hæðarbreytingar. Sá stígur myndi tengjast við Garðabæ um undirgöng við Þorraholt, tengjast inn á núverandi hjólastíg samhliða Lindarvegi við Lindarveg, inn á núverandi hjólastíg meðfram Fífuhvamsvegi við Kópavogskirkjugarð / Salaskóla, og inn á tilvonandi hjólastíg meðfram Arnarnesvegi (sem verið er að leggja) við Rjúpnasali. 	Ábending er móttækin.
SA.5	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Vegagerðin bendir á að tvöföldun Arnarnesvegs á þessum kafla er hvorki inn í áætlunum Samgöngusáttmálans né Samgönguáætlunar. Óvíst er því um fjármögnun og þá hvenær framkvæmdir geta hafist.	Ábending móttækin.
SA.6	Vegagerðin Höfuðborgarsvæðið	Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.	<u>Veghelgunarsvæði verður sýnt á uppdrætti og miðað við 30 metra til hvorrar handar en vegurinn er stofnbraut skv. skipulagi.</u>
SA.7	Landsamband hjólréiðamanna	Leggja þarf áherslu á gróður til skjólmyndunar. Við stíga ætti að gera ráð fyrir gróðri og trjá sem draga úr vindi og skapa skjól án þess að hindra stígsýn við gatna- og stígamót. Trjá og runnagróður á betur heima á helgunarsvæðum stofnbrauta en grasflatir í þessu skyni.	<u>Settir eru skilmálar um gróður með mönnum í deiliskipulagi. Trjágróður, runnar og annars gróður skulu nýtt til að veita skjól og fegra ásýnd.</u>

SA.8	Landsamband hjólreiðamanna	Gera þarf ráð fyrir merkingu göngu- og hjólastíga með leiðarmerkjum og gerum við ráð fyrir að gerð verði grein fyrir þeim í verkhönnun.	Ábending móttækin.
VE	Veitur		
VE.1	Heilbrigðiseftirlitið	Heilbrigðiseftirlitið veltir fyrir sér hvort mögulegt eða æskilega sé að hreinsa ofanvatn frá Arnarnesvegi í setlónum og nefna að skoða þurfi hvort ekki sé nauðsynlegt fyrir framkvæmdaraðila að leggja mat á áhrifum deiliskipulagsins á vatnshlot samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála	Ábending móttækin. Frárennsli af veginum verður til skoðunar við hönnun á tvöföldum vegi.